

## 030/01 - Örvar SH 777

Örvar SH 777, skipverji slasast við að detta af úrgreiðsluborði

### Örvar SH 777

**Skipaskr.nr.:** 0239

**Smíðaður:** Florö, Noregi 1964 Stál

**Stærð:** 196,00 brl; 290,00 bt

**Lengd:** 34,09 m **Breidd:** 7,20 m **Dýpt:** 6,15 m

**Vél:** Mirrelees Blackston 486,00 kW **Árgerð:** 1979

**Annað:**

**Földi skipverja:**



### Atvikalýsing

Hinn 27. mars 2001 var Örvar SH 777 við netaveiðar á Breiðafirði. Veður: NA kaldi.

Þegar verið var að undirbúa lagningu á trossunum voru tveir skipverjar að gera færin klár sem staðsett voru bakborðsmegin. Þeir þurftu að fara yfir úrgreiðsluborðið til að komast að færunum, en þau eru lögð frá skut skipsins.

Vegna ísingar á borðinu þurftu þeir að athafna sig þar á hjánum og á meðan þeir voru þar fékk báturinn á sig sjó stjórnborðsmegin, högg kom á hann og hann lagðist til bakborða. Annar skipverjinn missti takið á borðinu og kastaðist út í bakborðssíðuna og lenti á vinstri síðunni en hinn náði að halda sér.

Farið var í land daginn eftir og reyndist skipverjinn rifbeinsbrotinn.

### Við rannsókn kom fram

- að netaborðið er um 1,20m breitt;
- að ekki er önnur leið til að komast að færunum en yfir borðið og er þetta algengt fyrirkomulag;
- að borðið hafði verið þvegið deginum áður og frosið á því um nóttina.

### Nefndarálit

Nefndin telur að um aðgæsluleysi hafi verið að ræða því mönnum hefði átt að vera ljóst hvernig farið gæti við að fara upp á ísilagt borð án þess að hreinsa það fyrst.